

Höfðaskóli Skagaströnd

Sími: 4522800, íþróttahús: 4522750

Veffang: <http://hofdaskoli.is>Netfang: hofdaskoli@hofdaskoli.is

Kæru foreldrar og forráðamenn,

Við í Höfðaskóla tökum þá ákvörðun, haustið 2025, að vera símalaus skóli. Þessi ákvörðun er tekin með hagsmuni nemenda að leiðarljósi.

Markmiðið er að stuðla að betra námsumhverfi, aukinni einbeitingu og jákvæðum félagslegum samskiptum.

Við höfum gert sáttmála um Símalausan Höfðaskóla í samvinnu við nemendur og foreldra/forráðamenn

Reglur

- Nemendur eru símalaus á skólatíma: kennslustundir, frímínútur, hádegi, skólalóð, sund og íþróttir.
- Ef nemandi kemur með síma í skólann er það á ábyrgð hans og/eða forráðamanna.
- Ef nemandi kemur með síma í skólann á að vera slökkt á honum (flugstilling) þannig að hann gefi ekki frá sér hljóð, geymdur ofaní tösku, í hólfi eða skilinn eftir hjá ritara.

Viðbrögð ef reglum er ekki fylgt:

1. Síminn afhentur ritara/skólastjóra og sóttur af nemanda í lok skóladags. Verði nemandi ekki við þessari beiðni er brottvísun úr tíma og samband haft við foreldra/forráðamenn.
2. Þegar nemandi hefur þrisvar sinnum þurft að afhenda símann sinn fer tölvupóstur heim.
3. Ef nemandi heldur áfram að nota síma án leyfis eftir að tölvupóstur fer heim þarf að afhenda símann og foreldri/forráðamaður að ná í símann í skólann.

Höfðaskóli Skagaströnd

Sími: 4522800, íþróttahús: 4522750

Veffang: <http://hofdaskoli.is>

Netfang: hofdaskoli@hofdaskoli.is

**Annað**

- Gengið er út frá því að starfsfólk skólans séu fyrirmyndir og noti að öllu jöfnu ekki síma á svæðum nemenda.
- Símar verða leyfðir á viðburðum utan hefðbundins skólatíma.
- Foreldrar geta alltaf haft samband við börn sín í gegnum skrifstofu skólans.

Til þess að þetta mikilvæga verkefni verði sem árangursríkast þarf skólasamfélagið allt að vinna saman. Jákvæð samvinna við foreldra og forráðamenn skiptir sköpum og vonum við innilega að við eigum eftir að eiga gott samstarf.

Kær kveðja,

Stjórnendur og starfsfólk Höfðaskóla